



Stjórnarskrárnefnd  
b.t. Páls Þórhallssonar, ritara  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
150 Reykjavík

Laugavegi 103

105 Reykjavík

Ísland/Iceland

Sími/Tel.:

(354) 561 3560

Reykjavík, 8. mars 2005

Fax: 551 3567

E-mail:

[feheyrn@ismennt.is](mailto:feheyrn@ismennt.is)


### Efni: Íslenskt táknmál inní stjórnarskrá Íslands samhliða íslensku máli

Félag heyrnarlausra leggur fram tillögu um að samhliða því að tekið verði upp ákvæði í stjórnarskrá Íslands um íslenskt mál, verði einnig tekið upp ákvæði þar um íslenskt táknmál sem er móðurmál heyrnarlausra Íslendinga.

Íslensk málnefnd hefur sent stjórnarskrárnefnd erindi þess efnis að íslenska verði sett inní stjórnarskrá sem ríkismál íslenska lýðveldisins. Í framhaldinu vill Félag heyrnarlausra óska formlega eftir því við stjórnarskrárnefndina að íslenskt táknmál verði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og þanning fært í stjórnarskrá.

Barátta félagsins hefur skilað auknum réttindum fyrir heyrnarlausa og óskandi að framundan sé mikilvægur kafli í baráttusögu samfélags heyrnarlausra á Íslandi. Það er að móðurmál heyrnarlausra Íslendinga öðlist viðurkenningu með ákvæði um íslenskt táknmál í stjórnarskrá Íslands.

f.h. Félag heyrnarlausra

  
Kristinn Jón Bjarnason,  
framkvæmdastjóri

Íslenskt **táknmál**  
þú hefur það í hendi þér